

REGLUGERÐ

um niðurfellingu reglugerðar nr. 77 30. janúar 1981, um takmörkun leigubifreiða í Mosfellshreppi og ráðstöfun atvinnuleyfa.

1. gr.

Reglugerð nr. 77 30. janúar 1981, um takmörkun leigubifreiða í Mosfellshreppi og ráðstöfun atvinnuleyfa er hér með felld úr gildi.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um leigubifreiðar nr. 36 9. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 2. desember 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um takmörkun leigubifreiða í Keflavík og ráðstöfun atvinnuleyfa, nr. 451 11. desember 1978.

1. gr.

1. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga í Keflavík skal á meðan bæjarstjórn Njarðvíkurbæjar og hreppsnefndir Miðneshrepps, Hafnarhrepps og Gerðahrepps ekki leyfa fólksbifreiðastöðvar, hver í sínu lögsagnarumdæmi, fyrir aðrar bifreiðar en frá bifreiðastöðvum í Keflavík miðuð við íbúatölu í lögsagnarumdæmum Keflavíkur og Njarðvíkurbæjar, Miðneshrepps, Hafnarhrepps og Garðahrepps, þannig að ein bifreið komi á hverja 400 íbúa, sem þar eiga lögheimili, samkvæmt nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands.

Þar til rétt hlutföll samkvæmt framansögðu eru fengin skal úthluta fjórða hverju leyfi, er losnar og einu leyfi fyrir hverja 1000 íbúa fjölgun.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 36 9. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 2. desember 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Kristinn Gunnarsson.